

## SAMÞYKKT

### fyrir Veðifélag Elliðavatns.

#### 1. gr.

Nafn félagsins er Veðifélag Elliðavatns.

#### 2. gr.

Heimili þess og varnarþing er að Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík.

#### 3. gr.

Félagið nær til allra jarða sem land eiga að vötnunum frá stíflu í ósum Elliðaáa og þaðan eins og vötn falla í Silungapoll, Nátthagavatn og að vaði í Ós við austurhorn Sólheimagirðingar skammt fyrir neðan Selvatn, en þessar jarðir eru: Vatnsendi, Elliðavatn, Hólmur, Gunnarshólmi, Elliðakot, Geitháls, Lækjarbotnar, Sólheimakot, Geirland og Nátthagavatn.

Eingöngu jarðeigendur og eigendur lögbýla á félagssvæðinu eða fulltrúar þeirra geta orðið atkvæðisbærir félagar.

#### 4. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna og leigja út veiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfunda. Engin önnur veiðiaðferð en stangveiði er leyfileg. Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Félaginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

#### 5. gr.

Stjórn félagsins skipa fjórir menn, formaður, framkvæmdastjóri Veðifélags Elliðavatns og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til fjögurra ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, framkvæmdastjóri eftir þrjú ár og hinn meðstjórnandinn eftir fjögur ár og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu nema sérstök forföll hamli eða að hann hafi verið í stjórn í fjögur ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo skoðunarmenn til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar skoðunarmaðurinn gangi út annað árið og hinir hitt árið. Þeir félagar sem ekki eru atkvæðisbærir skulu hafa rétt til að eiga einn fulltrúa er fylgist með gerðum stjórnarinnar. Hann skal boðaður á fundi stjórnar. Verði atkvæði jöfn í stjórninni ræður atkvæði formanns.

#### 6. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Stjórnin fær menn sér til aðstoðar við störf í þágu félagsins og semur um þóknun fyrir þau störf. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum þess. Framkvæmdastjóri hefur umsjón með daglegum störfum, veiði á félagssvæðinu og fjárreiðum þess. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar eða aðila sem veitir slík leyfi í umboði hennar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

#### 7. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum

sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmæla-  
réttar félagsmanns áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra  
félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfundum. Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál  
sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin. Rísi ágreiningur um lögmæti ákvörð-  
unar félagsstjórnar eða fundar í félaginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Landbúnaðar-  
stofnunar. Kærufrestur er þrjú mánuður frá því að ákvörðunin var tekin.

#### 8. gr.

Fundi í félaginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag.  
Skylt er að boða fundi í félaginu með ábyrgðarbréfi ef breyta á samþykktum félagsins eða  
ráðstafa veiði á félagsfundum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á  
samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting  
á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar og má þá boða til  
annars fundar. Á þeim fundum ræður afl atkvæða. Nú er ráðgert að breyta samþykkt, arðskrá eða  
ráðstafa veiði og skal þess getið í fundarboði. Nú fer atkvæðagreiðsla fram á fundum skv.  
fyrirmælum 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og gildir þá ein eining í  
arðskrá hjá félagsmanni sem hefur atkvæðisrétt sem eitt atkvæði, sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu  
laga. Greiða má atkvæði skriflega enda sé þess getið í fundarbók.

Á félagsfundum skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru  
fram á fundum skulu skráð í fundargerðabók.

#### 9. gr.

Aðalfund skal halda í aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félags-  
ins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári ásamt fjárhagsáætlun  
félagsins fyrir komandi starfsár. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og  
ályktar fundurinn um þá. Aukafundi skal halda eftir þörfum eða ef ¼ félagsmanna æskir þess  
og tilgreinir fundarefnið.

#### 10. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók,  
sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

#### 11. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagmenn  
greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð. Félagmenn greiða gjöld til  
félagsins þannig: Jarðeigendur og eigendur lögbýla greiða 20% af andvirði seldra veiðileyfa.  
Allur kostnaður af starfsemi félagsins greiðist úr félagssjóði.

#### 12. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og  
birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri sam-  
þykktir veiðifélagsins.

*Landbúnaðarstofnun, 3. desember 2007.*

**Viktor S. Pálsson**, forstöðumaður stjórnisýslusviðs.